# Félag Heyrnarlausra

## Ársreikningur

# 2017

Félag Heyrnarlausra
Þverholt 14
105 Reykjavík
kt. 600776-0379

# Félag Heyrnarlausra

## Ársreikningur

# 2017

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2-3 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar og sundurliðanir | 8-12 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og félagsmanna í Félagi heyrnarlausra**

**Álit**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags heyrnarlausra fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Félagi heyrnarlausra í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Félags heyrnarlausra . Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórnin hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.
Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

# Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 15. maí 2018

**Deloitte ehf.**

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Félags heyrnarlausra fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2017 nær til alls reksturs félagsins, þar með talið happdrætta, rekstur skrifstofu og félagsstarfsemi.

Tekjur umfram gjöld á árinu 2017 nema kr. 6.342.065. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 129.051.939, bókfært eigið fé í árslok er kr. 116.263.182 og er eiginfjárhlutfall félagsins 90%.

Stjórn félagsins vísar í ársreikning um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun ársins.

Megin hlutverk Félags heyrnarlausra er að gæta hagsmuna heyrnarlausra og heyrnarskertra og koma fram fyrir þeirra hönd meðal annars gagnvart opinberum aðilum, efla málsamfélag íslensks táknmáls og vinna að hvers konar menningar- og hagsmunamálum heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra veitir hvers konar ráðgjöf og álit er að snúa að málefnum heyrnarlausra.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Félags heyrnarlausra koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. maí 2018

**Í stjórn**

Heiðdís D. Eiríksd.

Ingibjörg Andrésdóttir

Hjördís Anna Haraldsdóttir

Hanna Lára Ólafsdóttir

**Framkvæmdastjóri**

Daði Hreinsson

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Styrkir, gjafir og framlög | 11 | 20.896.109 | 20.269.790 |
| Safnanir og ýmsar tekjur | 12 | 9.799.970 | 12.256.025 |
| Ágóði happdrætta | 13 | 41.315.024 | 30.170.750 |
| | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | (40.141.941) | (46.844.167) |
| Húsnæðiskostnaður | 15 | (5.060.785) | (4.425.766) |
| Annar rekstrarkostnaður | 16 | (15.668.223) | (15.529.428) |
| Heilbrigðisverkefni | 17 | (2.989.646) | 0 |
| Afskriftir fastafjármuna | 6 | (2.658.344) | (2.658.344) |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | | 5.492.164 | (6.761.140) |
| | | | |
| Fjármunatekjur | 4 | 1.042.901 | 1.592.841 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (193.000) | (52.768) |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 6.342.065 | (5.221.067) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| Eignir | Skýr. | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | 75.752.918 | 78.411.262 |
| Bundið fé | 10 | 31.255.610 | 30.428.041 |
| | | 107.008.528 | 108.839.303 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skuldunautar | 7 | 178.035 | 185.705 |
| Aðrar skammtímakröfur | 7 | 0 | 717.097 |
| Handbært fé | 7 | 21.865.376 | 10.926.543 |
| | | 22.043.411 | 11.829.345 |
| **Eignir** | | 129.051.939 | 120.668.648 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 8 | 116.263.182 | 109.921.117 |
| **Eigið fé** | | 116.263.182 | 109.921.117 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ógreitt vegna starfsmanna | | 5.255.831 | 4.143.907 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 9 | 7.532.926 | 6.603.624 |
| | | 12.788.757 | 10.747.531 |
| **Skuldir** | | 12.788.757 | 10.747.531 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 129.051.939 | 120.668.648 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta | | 5.492.164 | (6.761.140) |
| Afskriftir | | 2.658.344 | 2.658.344 |
| **Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta** | | 8.150.508 | (4.102.796) |
| Rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun) | | 724.767 | (710.327) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) | | 2.041.226 | (11.525.824) |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta** | | 10.916.501 | (16.338.947) |
| Innborgaðir vextir | | 1.042.901 | 1.592.841 |
| Greiddir vextir | | (193.000) | (52.768) |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | 11.766.402 | (14.798.874) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Bundið fé (hækkun), lækkun | | (827.569) | 3.577.169 |
| | | (827.569) | 3.577.169 |
| Hækkun, (lækkun) handbærs fjár | | 10.938.833 | (11.221.705) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 10.926.543 | 22.148.248 |
| Handbært fé í lok árs | | 21.865.376 | 10.926.543 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Félag heyrnarlausra ( Fh ) eru hagsmunasamtök fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta. Tilgangur félagsins er m.a. að koma fram fyrir hönd heyrnarlausa og heyrnarskertra gagnvart opinberum aðilum í hverskyns hagsmunamálum, svo sem löggjöf og framkvæmd hennar og í dómsmálum er snerta rétt heyrnarlausra. Að vinna að hverskonar menningar- og hagsmunamálum heyrnarlausra og heyrnarskertra, svo og styðja þá og deildir þeirra, sem félaginu er frekast fært.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Félags heyrnarlausra fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar í samræmi við lög um tekjuskatt. Fyrningargrunnur lausafjár telst stofnverð þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum en fyrningargrunnur fasteigna og annarra eigna telst stofnverð þeirra. Afskriftir af eignum keyptum á árinu eru reiknaðar miðað við ársafskrift en ekki eru reiknaðar afskriftir af eignum seldum á árinu.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Laun | 37.338.634 | 45.346.716 |
| Lífeyrissjóður | 3.931.289 | 4.510.205 |
| Önnur launatengd gjöld | 6.221.687 | 6.004.653 |
| Þáttaka annarra í launum | (7.349.669) | (9.017.407) |
| | 40.141.941 | 46.844.167 |
| Stöðugildi að meðaltali | 7 | 7,5 |

## 4. Fjármunatekjur

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Aðrar vaxtatekjur | 1.042.901 | 1.592.841 |
| | 1.042.901 | 1.592.841 |

## 5. Fjármagnsgjöld

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Önnur vaxtagjöld | (193.000) | (52.768) |
| | (193.000) | (52.768) |

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir | Innréttingar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 88.611.455 | 6.931.482 | 95.542.937 |
| Staða í árslok | 88.611.455 | 6.931.482 | 95.542.937 |
| **Afskriftir** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 10.633.376 | 6.498.299 | 17.131.675 |
| Afskrift ársins | 2.658.344 | 0 | 2.658.344 |
| Staða í árslok | 13.291.720 | 6.498.299 | 19.790.019 |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 77.978.079 | 433.183 | 78.411.262 |
| Bókfært verð í árslok | 75.319.735 | 433.183 | 75.752.918 |
| Afskriftarhlutföll | 3% | 20% | |

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteign | 135.690.000 | 154.766.900 |

# Skýringar

## 7. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Greiðslukort | 178.035 | 185.705 |
| | 178.035 | 185.705 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Útistandandi v/happdrætta og safnana | 0 | 159.530 |
| Aðrar kröfur | 0 | 557.567 |
| | 0 | 717.097 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Bankainnistæður í íslenskum krónum | 20.994.107 | 10.043.622 |
| Menntunarsjóður | 871.269 | 882.921 |
| | 21.865.376 | 10.926.543 |

## 8. Eigið fé

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2016 | 115.142.184 |
| Gjöld umfram tekjur | (5.221.067) |
| Eigið fé 1.1.2017 | 109.921.117 |
| Tekjur umfram gjöld | 6.342.065 |
| Eigið fé 31.12.2017 | 116.263.182 |

## 9. Aðrar peningalegar skuldir

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Sjóður Bjargar Símonardóttur | 332.451 | 1.032.451 |
| Aðrar skuldir | 137.909 | 0 |
| Ógreiddur kostnaður | 1.466.066 | 1.803.273 |
| Ógr. ósóttir happdr.vinningar | 5.596.500 | 3.767.900 |
| | 7.532.926 | 6.603.624 |

## 10. Bundið fé

Félag heyrnarlausra á bankainnstæður að fjárhæð 31,2 milljónir króna sem er hugsað sem langtímasparnaður.

# Sundurliðanir

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|

## 11. Styrkir, gjafir og framlög

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 4.600.000 | 2.600.000 |
| Ríkissjóður | 10.200.000 | 10.657.567 |
| Ríkissjóður v/geðheilbrigðismál | 150.000 | 0 |
| Öryrkjabandalagið | 4.940.459 | 4.950.223 |
| Aðrir styrkir | 1.005.650 | 2.062.000 |
| | 20.896.109 | 20.269.790 |

## 12. Safnanir og ýmsar tekjur

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Félagsgjöld | 467.500 | 498.000 |
| Fjáraflanir | 9.332.470 | 7.579.150 |
| Tekjufærsla v. heilbrigðisverkefnis | 0 | 4.178.875 |
| | 9.799.970 | 12.256.025 |

## 13. Happdrætti

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| **Tekjur:** | | |
| Sölutekjur happdrættismiða | 67.320.011 | 44.095.050 |
| Ósóttir vinningar frá fyrra ári | 847.900 | 4.673.405 |
| | 68.167.911 | 48.768.455 |
| **Gjöld:** | | |
| Útdregnir vinningar | (5.596.500) | (3.767.900) |
| Greiddir vinningar ársins | (1.484.000) | (559.603) |
| Sölulaun og kostnaður vegna happdrættis | (19.772.387) | (14.270.202) |
| | (26.852.887) | (18.597.705) |
| | 41.315.024 | 30.170.750 |

## 14. Laun og launatengd gjöld

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Laun | 37.338.634 | 45.346.716 |
| Bifreiðastyrkir | 900.000 | 900.000 |
| Dagpeningar | 929.320 | 806.416 |
| Tryggingagjald | 2.888.640 | 3.623.899 |
| Lífeyrissjóður | 3.931.289 | 4.510.205 |
| Sjúkra- og orlofsheimilasjóður | 571.114 | 687.083 |
| Aðrir sjóðir | 35.973 | 45.025 |
| Áunnið orlof, breyting | 896.640 | (57.770) |
| Þátttaka annarra í launum | (7.349.669) | (9.017.407) |
| | 40.141.941 | 46.844.167 |

# Sundurliðanir

## 15. Húsnæðiskostnaður

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| **Húsnæðiskostnaður:** | | |
| Rekstrarkostnaður húsnæðis | 2.204.501 | 2.029.096 |
| Rafmagn og hiti | 314.690 | 375.570 |
| Fasteignagjöld og skattar | 2.124.311 | 1.874.608 |
| Kostnaður v/Þverholts 14 | 417.283 | 146.492 |
| | 5.060.785 | 4.425.766 |

## 16. Annar rekstrarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaður vegna fjáraflana | 2.625.625 | 2.503.262 |
| Kaffi, rekstur félagsheimilis, fullorðinsfræðsla | 2.594.090 | 1.839.169 |
| Ráðstefnu- og námskeiðakostnaður /DNR | 1.155.847 | 1.165.448 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 1.217.840 | 1.481.652 |
| Auglýsingar | 235.197 | 0 |
| Pappír, prentun og ritföng | 348.997 | 208.717 |
| Lögfræðiþjónusta | 1.388.220 | 1.367.247 |
| Félagsgjöld | 714.215 | 619.709 |
| Ýmis verkefni | 808.598 | 861.625 |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur | 155.000 | 0 |
| Annar kostnaður | 53.000 | 0 |
| Burðargjöld | 126.693 | 238.626 |
| Sími | 1.172.703 | 1.057.180 |
| Styrkir og gjafir til einstaklinga | 490.000 | 672.783 |
| Tölvukostnaður | 1.295.920 | 2.515.071 |
| Aðkeypt þjónusta | 240.500 | 32.500 |
| Þjónustugjöld | 1.015.778 | 886.439 |
| Menntunarsjóður | 30.000 | 80.000 |
| | 15.668.223 | 15.529.428 |

## 17. Heilbrigðisverkefni

| | | |
|---|---|---|
| Tekjufærsla (frestuð) v/geðheilbrigðismála | 0 | (5.909.005) |
| Geðheilbrigðismál | 2.989.646 | 5.909.005 |
| | 2.989.646 | 0 |